

# Á

rið 2006 fór makrill að veiðast sem meðafi í síldveiðum í flotvörpu austur af landinu og veiddust þá um 4000 tonn. Þegar hófu menn að velta fyrir sér þeim möguleikum sem tilkoma makrils í íslenska lögsögu skapaði og árið eftir hófust beinar makrílveiðar. Veiðarnar fóru vel af stað og bárust þá 37 þúsund tonn á land. Fullsannað þótti að makrill í miklum mæli væri til staðar í íslenskri lögsögu og mikilvægt væri að nýta þessa nýju auðlind og sýna þannig fram á þá staðreynd. Frá 2008-2011 jókst makrílafinn við Ísland úr 113 þúsund tonnum í 159 þúsund tonn og við blasti sá veruleiki að makrillinn var orðin ein af mikilvægustu fisktegundunum sem nýttar voru við landið. Árið 2012 fiskuðu íslensk veiðiskip rúmlega 149 þúsund tonn af makríl og á yfirstandandi vertíð ákváðu Íslendingar kvóta sem nemur 120 þúsund tonnum.

Helstu veiðisvæði makrilsins á Íslandsmiðum voru framan af austur- og suðausturmið en síðan jókst aflinn á vesturmiðum árið 2010 og enn frekar á árunum 2011-2012. Forsendan fyrir því að makrill gangi í ríkum mæli á miðin við landið er hlýnun sjávar og með áframhaldandi hlýnun bendir fátt til annars en að makrillinn sé kominn til að vera. Eins getur skýring á makrílengdinni verið minnkandi fæðuframboð á hefðbundnum ætisslóðum. Makrillinn gengur inn á Íslandsmið á sumrin og fram á haust og veiðar hafa einkum farið fram á tímabilinu júní-september ár hvert.

**Árið 2012 fiskuðu íslensk veiðiskip rúmlega 149 þúsund tonn af makríl og á yfirstandandi vertíð ákváðu Íslendingar kvóta sem nemur 120 þúsund tonnum.**

Í þessari grein verður gerð tilraun til að varpa ljósi á þau áhrif sem tilkoma makrilsins á Íslandsmiðum hefur haft á fyrirtæki eins og Síldarvinnsluna sem hefur lagt megin áherslu á uppsjávarveiðar og vinnslu á undanförunum árum.

#### **Makrillinn ekki í fyrsta sinn á Íslandsmiðum**

Þegar makrílveiðar við landið hófust árið 2006 hafði makrils ekki orðið vart í miklum mæli á Íslandsmiðum um áratuga skeið. Heimildir benda hins vegar með ótvíræðum hætti til þess að á hlýskeyðum fyrri ára í sjónum við Ísland hafi makrill gert sig heimakominn við Íslandsstrendur. Á síðasta tug 19. aldar varð vart við makríl úti fyrir Vestur- og Norðurlandi og sumarið 1904 virðist hafa verið allmikið um makríl hér við land og varð hans vart allt frá Hrútafirði til Glettinganess. Eins bárust fréttir af makríl



Makrílvinnsla í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar hf.

MYND: ÞÓRHILDUR EIR



— Hverju hefur makrillinn breytt?

# Áhrif makrílveiða og makrílvinnslu á Síldarvinnsluna



bæði frá Austfjörðum og Vesturlandi sumurin 1906 og 1908.

Eftir að hlýna tók í sjónum við Ísland eftir 1926 var makrill nánast árlegur gestur við strendur landsins. Árið 1928 veiddist makrill fyrir norðan og árið 1930 var mikið um makrill á Austfjörðum. Talsvert var um makrill við Suðurnes árið 1934 og 1938 varð vart við hann í Miðnessjó og í Skerjafirði.

Lýðveldisárið 1944 einkenndist af mikilli makrillgengd; fyrst varð hans einkum vart á Vestfjörðum en síðar einnig úti fyrir Norðurlandi.

Á þessum tíma var makrillinn ekki veiddur með skipulegum hætti við landið heldur fékkst hann í net og nætur, einkum sem meðafli við síldveiðar.

Hlýndaskeiðinu sem hófst í hafinu umhverfis Ísland um 1926 lauk uppúr 1960 og hættu þá að berast fréttir af makrill við landið. Hitinn í hafinu hélst tiltölulega lágur fram undir árið 2000 að undanskildu stuttu hlýndaskeiði um 1970 en á því skeiði veiddu íslensk síldarskip makrill í litlum mæli. Þá veiddu íslenskir síldarbátar einnig makrill í Norðursjó á árunum 1967-1976 en það er önnur saga.

Þess ber að geta að sumarið 1998 landaði ísfisktogarinn Sjóli frá Hafnarfirði nokkru magni af makrill í Neskaupstað. Gerðar voru tilraunir til að frysta aflann og drógu menn ýmsan lærdóm af þeim.

Þær sögulegu staðreyndir sem hér hafa verið raktar sýna svart á hvítu að makrill var alls ekki að ganga á Íslandsmið í fyrsta sinn þegar veiðar á honum hófust árið 2006. Þvert á móti sýnir sagan okkur að þegar hlýna tók í hafinu umhverfis landið um 2000 mátti alveg gera ráð fyrir að makrillgöngur hæfust inn á Íslandsmið eins og gerst hafði á fyrri hlýndaskeiðum.

### Upphaf núverandi makrillveiðitímabils

Segja má að við upphaf núverandi makrillveiðitímabils hafi makrillveiðar fyrst hafist fyrir alvöru á Íslandsmiðum. Sumarið 2006 var makrillinn þó einvörðungu meðafli síldveiðiskipa sem lögðu stund á veiðar í flotvörpu austur- og suðaustur af landinu. Heildarmakrillafinn þetta ár var um 4000 tonn og voru vinnslufyrirtækin í reynd óviðbúin því að taka á móti og nýta hann nema þá til mjöl- og lýsisvinnslu. Sindri Sigurðsson hjá Síldarvinnslunni minnst þessa tíma með svofelldum orðum:

**” Rekstur fiskiðjuversins er mun tryggari en áður með tilkomu makrillsins og unnt er að starfrækja það með fullum afköstum yfir sumarmánuðina.**

„Í upphafi var reynt að vinna makrillinn til manneldis í einhverjum mæli en það voru veikburða tilraunir. Menn vissu lítið um eðli hráefnisins og óðu blint í sjóinn hvað varðaði manneldisvinnsluna. Áhersla var lögð á að lausfrysta stærsta makrillinn en það var ekki unnt að frysta hann í hefðbundnum frystitækjum. Makrillinn var flokkaður með höndum og framleiðslan sárálitil. Þá ber að nefna að margir höfðu efasemdir um að unnt væri að frysta makrill sem veiddur var á þessum árstíma; áta var í fiskinum og fitan ekki almennilega sest í holdið.“

Sumarið 2008 var enginn makrill frystur á vegum Síldarvinnslunnar. Þá var veitt samkvæmt sóknarmarkskerfi og bátarnir hömuðust við að ná sem mestu á land á sem skemmstum

### Makrillafli sem barst til vinnslu hjá Síldarvinnslunni 2006-2012

2006	1.530 tonn
2007	12.047 tonn
2008	36.400 tonn
2009	27.930 tonn
2010	23.320 tonn
2011	23.780 tonn
2012	21.030 tonn



tíma. Þá var einnig mjölverð mjög hátt og miðað við aðstæður var eðlilegt að framleiða mjöl og lýsi úr aflanum eins og sést glögglega á meðfylgjandi mynd. Áhersla var lögð á að veiða sem mest til að sýna fram á það með óyggjandi hætti að makrill gengi á Íslandsmið í miklu magni.

Reynslan af veiðunum sumarið 2008 leiddi til verulegrar umræðu um framtíðarskipulag veiðanna. Flestum var ljóst að sóknarmarksfyrirkomulagið hafði margvíslega galla í för með sér; það dró úr verðmætasköpun meðal annars vegna þess að of mörg skip héldu til veiða, komið var að landi með lélegt hráefni, veiðarnar hófust of snemma með tilliti til fituinnihalds í fiskinum og makrillveiðarnar bitnuðu á síldveiðum í verulegum mæli.

Á árinu 2008 ber hófu íslensk uppsjávarskip vinnslu á makrill um borð þrátt fyrir áhersluna á magnveiðar. Tvö þeirra heilfrystu makrillinn en tvö frystu hausskorinn og slögdreginn fisk. Á næstu árum jókst þessi þáttur vinnslunnar mikið.


Örlítið meiri alvara færðist yfir tilraunir á sviði manneldisvinnslu hjá Síldarvinnslunni árið 2009 en þó einungis væri fryst lítið magn. Fyrir-



Fiskiðjuver Síldarvinnslunnar lengst til vinstri.

MYND: ÞÓRHILDUR EIR

## Síldarvinnslan: Ráðstöfun makrils ásamt tekjum árin 2006-2012



eldisvinnslu á makríl. Koma þurfti framleiðslunni í verð og mikilvægt var að fá sem mest fyrir vör-una. Vinnan að markaðsmálunum hófst á árinu 2009 og beindust augu manna að mörkuðum í Asíu, Austur-Evrópu og Afríku. Í upphafi þekkti markaðurinn ekki íslenskan makríl og eins var ekki hefð fyrir framleiðslu á makríl sem veiddur var á þeim árstíma sem veiðin við Ísland fór fram á. Í sannleika sagt náðist mjög góður árangur við að markaðssetja íslenskan makríl og er sá árangur að sjálfsögðu forsenda þess að vinnsla á makríl til manneðis hefur farið vaxandi.

Við Ísland er makrillinn veiddur í flotvörpu. Þegar makrill er veiddur til manneðisvinnslu verður að stilla tog tíma í hóf og ekki er óalgengt að einungis megi toga í 4-5 tíma eftir að fiskur tekur að koma í trollið. Þá er lykilatriði að aflinn sé kældur strax í kælitönkum veiðiskipsins þannig að hann sé sem ferskastur þegar hann kemur til vinnslu. Við veiðar til mjöl- og ljýsivinnslu þurfti ekki að hafa þessa þætti í huga.

Á árinu 2010 hóf Síldarvinnslan að gera nauðsynlegar umbætur á fiskiðjuverinu í Neskaupstað og þá var keyptur frystir sem sérstaklega var búinn til að frysta stóran makríl. Kaupin á umræddum frysti var fyrsta skrefið til að koma upp búnaði sem hentaði sérstaklega til makríl vinnslu. Framkvæmdir á þessu sviði hafa síðan haldið áfram og nú eru slíkir frystar orðnir þrjár í verinu.

Á meðfylgjandi mynd sést glögglega sú breyting sem varð á makríl vinnslunni hjá Síldarvinnslunni þetta ár. Hátt í helmingur aflans fór til slíkrar vinnslu en hinn helmingurinn til mjöl- og ljýsivinnslu. Að auki fékk fiskimjólsværsmiðjan í sinn hlut úrgang frá vinnsluskipum.

Upp frá þessu hefur manneðisvinnslan farið sífellt vaxandi hjá fyrirtækinu og á árunum 2011 og 2012 var öll áhersla lögð á frystingu (sjá mynd). Það sama gildir um þá vertíð sem nú er að ljúka. Nánast allur sá makrill sem hefur farið til mjöl- og ljýsivinnslu hjá Síldarvinnslunni frá 2011 er fiskur sem flokkast frá við manneðisvinnslu og afskurður frá vinnslu og vinnsluskipum.

Þegar meðfylgjandi mynd er skoðuð má sjá að tekjur fyrirtækisins af mjöl- og ljýsiframleiðslu hafa stöðugt farið minnkandi frá árinu 2008 en tekjur af manneðisvinnslu hafa vaxið mikið. Athuga skal að tekjurnar eru gefnar upp í þúsundum dollara á myndinni.

### Hverju hefur tilkoma makrilsins breytt fyrir Síldarvinnsluna?

Þegar saga makrílveiða og makríl vinnslu síðustu ára er skoðuð er eðlilegt að spurt sé hvaða áhrif tilkoma makrilsins í íslenska lögsögu hefur haft á þau fyrirtæki sem hafa veitt hann og nýtt. Síldarvinnslan í Neskaupstað er eitt þessara fyrirtækja og ágætt að nota það sem dæmi í þessu sambandi. Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar var beðinn um að leggja mat á áhrif tilkoma makrilsins fyrir fyrirtækið og fer svar hans hér á eftir:

„Fyrir uppsjávarfyrirtæki eins og Síldarvinnsluna hefur makrillinn haft gríðarleg áhrif. Eðli uppsjávarstofna er með þeim hætti að sveiflur í stofnstærð geta verið mjög miklar eins og þekkt er bæði með loðnu og síld. Uppsjávarfyrirtækin hafa í raun byggt starfsemi sína og afkomu á fjórum tegundum; loðnu, kolmunna, íslenskrumargotssíld og norsk-íslenskrum síld. Það að fá fimmtu tegundina til að byggja á skiptir gríðarlega miklu máli og það er ekki síst athyglisvert að makrillinn er orðin sú tegund sem er verðmætust.

Þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í vegna makrilsins eru þess eðlis að þær nýtast einnig til aukinnar verðmætasköpunar í öðrum uppsjávartegundum. Þetta á að miklu leyti við um vinnslubúnaðinn og þá ekki síður skipin sem fjárfest hefur verið í. Það er í reynd þannig í rekstri fyrirtækja þar sem mikil fjárfesting liggur í búnaði og tækjum að síðustu tonninn sem fara í gegnum framleiðsluferilinn vega þungt í afkomunni. Þannig hefur tilkoma makrilsins aukið mjög nýtinguna á öllum helstu fjárfestingum Síldarvinnslunnar.

Rekstur fiskiðjuversins er mun tryggari en áður með tilkomu makrilsins og unnt er að starfrækja það með fullum afköstum yfir sumarmánuðina. Fyrir starfsfólkið skiptir þetta miklu máli og þetta er ómetanlegt fyrir samfélagið allt. Makrillinn er að skapa um 25 ársverk í landvinnslunni auk sjómannsstarfa. Að auki ber að geta þess að vinnsluskip landa miklum makrílafli í frystigeymslur Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Um þær fóru um 90 þúsund tonn af afurðum á árinu 2012 og má gera ráð fyrir að fjórðungur af því magni hafi verið makrill.“

tækið var áfram vanbúið til vinnslunnar og einungis var frystur smærri makrill því frystitækin hentuðu ekki fyrir stærsta fiskinn. Segja má að þessi starfsemi hafi verið á frumstigi en þó var farið að hyggja að því að leggja aukna áherslu á manneðisvinnsluna og skoða hvað þyrfti til að efla hana.

Sumarið 2009 var gefið út kvótaþak varðandi makrílveiðarnar en annars héldu þær áfram með sóknarmarksfyrirkomulagi. Tilraunir Síldarvinnslunnar til manneðisvinnslu þetta ár gerðu það að verkum að skipin sem lönduðu í fiskiðjuver fyrirtækisins í Neskaupstað veiddu mun minna en ella. Það kom þeim í koll síðar þegar aflamarkskerfi var tekið upp en þá fékk enginn að njóta þess að hafa tekið þátt í slíkum tilraunum þó stjórnarmálamenn hefðu gefið fyrirheit um annað. Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar færði rök fyrir því að sóknarmarkskerfið við makrílveiðarnar þetta ár hefði kostað þjóðina fimm milljarða króna.

### Manneðisvinnslan tekur völdin

Árið 2010 átti sér stað grundvallarbreyting hvað varðaði veiðar og vinnslu á makríl. Þá var tekið upp aflamarkskerfi við veiðarnar (kvóta úthlutað á hvert skip) og áhersla var lögð á að hvert skip fengi sem mest út úr þeim afla sem það kom með að landi. Afleiðing þessa var sú að áhersla á veiðar til manneðis stórjökst og um leið jukust verðmætin sem makrillinn gaf af sér. Farið var að hyggja að fjárfestingum sem tengdust veiðum og vinnslu á makríl. Frá þessum tíma hefur Síldarvinnslan fjárfest í vinnslubúnaði fyrir á milli 700 og 800 milljónir króna og í veiðiskipum fyrir um 4,5 milljarða.

Nauðsynlegt var að leggja af mörkum mikla vinnu á sviði markaðamála í tengslum við mann-